

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Andakílhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt 2. gr. laga nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Akureyrar
nr. 55 30. apríl 1959.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Vatnsveita Akureyrar er fyrirtæki sem Akureyrarbær á og starfrækir sem sjálfstætt fyrirtæki, hér eftir nefnd vatnsveitan.

Vatnsveitan hefur einkarétt til að reka vatnsveitu og selja vatn í lögsagnarumdæmi bæjarins.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Yfirstjórn vatnsveitunnar er í höndum bæjarstjórnar Akureyrar en stjórn hennar skal falin stjórn veitustofnana.

Bæjarstjórn ræður vatnsveitustjóra og aðra fasta starfsmenn að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana.

Vatnsveitustjóri situr fundi stjórnar veitustofnana og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Skrifstofa Akureyrarbæjar annast bókhald og fjárreiður vatnsveitunnar gegn endurgjaldi er bæjarstjórn ákveður. Hún innheimtir ennfremur vatnsskatt og önnur gjöld skv. gjaldskrá, sem stjórn veitustofnana semur, en bæjarstjórn staðfestir.

4. gr.

Orðin „allt að 2 000,00 króna“ í 15. gr. falli niður.

5. gr.

Við bætist ný grein, 16. gr. svohljóðandi:

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1986.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Pórhildur Línadal.